

Verklagsreglur Kraftlyftingasambands Íslands við val í landslið

Öll mót sem eru á mótaskrá IPF, EPF og NPF eru landsliðsverkefni og þátttaka í þeim er háð samþykki landsliðsnefndar KRAFT. Samskipti við landsliðsnefnd KRAFT fara fram á netfanginu coach@kraft.is

1. Í upphafi nóvember ár hvert kallar landsliðsnefnd með tölvuskeyti til formanna aðildarféлага KRAFT og á miðlum KRAFT eftir tillögum um mönnun landsliðs Íslands fyrir komandi ár svo og tillögum að landsliðsverkefnum.
2. Fyrir 15. desember skulu félögin vera búin að senda inn sínar tillögur. Skulu félög senda allar nauðsynlegar upplýsingar um keppendur, þar á meðal: nafn, kennitölu, netfang/símanúmer, landsliðsverkefni. Sýna skal fram á að keppandi uppfylli þau skilyrði sem fram koma í 3. gr. þessara reglna, sem og nánari rökstuðning ef óskað er eftir undanþágu sem heimilar eru samkvæmt reglum þessum.
3. Skilyrði fyrir landsliðsþáttöku:
Keppandi skal
 - a. vera íslenskur ríkisborgari eða hafa haft fasta búsetu á Íslandi í amk 3 ár.
 - b. hafa verið félagi í aðildarfélagi KRAFT í a.m.k. 12 mánuði fyrir mót. Hægt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef um keppendur undir 18 ára aldri er að ræða.
 - c. hafa náð landsliðslágmörkum fyrir viðkomandi mót á tímabili sem nær yfir næstliðið ár og allt að 70 dögum fyrir upphaf móts.
 - d. hafa tekið þátt í, án þess að hafa fallið úr keppni, a.m.k. tveimur meistaramótum á mótaskrá KRAFT eða mótum sem viðurkennd eru af IPF á næstliðnu ári. Veita má undanþágu frá þessu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna, svo sem ef meiðsl eða veikindi keppanda hafa hamlað þátttöku í mótum á liðnu ári.
 - e. taka þátt á Íslandsmeistaramóti í viðkomandi grein á árinu
 - f. hafa með orðum sínum og hegðun verið sjálfum sér og íþróttinni til sóma.
 - g. hafa skrifað undir landsliðssamningi.
4. Landsliðsnefnd í umboði stjórnar fer yfir tillögurnar. Landsliðsnefnd boðar til samráðsfundar með íþróttastjóra KRAFT um skipan í liði keppenda og þjálfara/aðstoðarmanna.
5. Fyrir lok árs skal landsliðsnefnd senda til stjórnar KRAFT tillögur sínar að landsliði og verkefnum til samþykktar. Við vinnu sína skal nefndin taka mið af óskum féлага, markmiðum afreksstefnu og fjárhagsstöðu sambandsins. Í drengja-/telpnaflokki skal tilnefna keppendur á Norðurlandamót, en ekki á EM eða HM nema í undantekningartilfellum. Stjórn KRAFT hefur endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál ef upp koma.
6. Í upphafi janúar skal birta upplýsingar um landslið og verkefni komandi árs/tímabils á miðlum KRAFT. Valið er trúnaðarmál þar til það hefur verið birt á kraft.is
7. Þegar landsliðval liggur fyrir boðar framkvæmdastjóri/starfsmaður KRAFT, í samráði við landsliðsnefnd, til fundar með keppendum og aðstoðarmönnum liðsins þar sem farið verður yfir samninga og þeir undirritaðir, upplýsingum veitt og spurningum svarað. Skyldumæting er á fundinn.
8. Framkvæmdastjóri/starfsmaður KRAFT gerir undirritaða samninga við landsliðsmenn og þjálfara/aðstoðarmenn samkvæmt framangreindum ákvörðunum. Þar sem skýrt koma fram skyldur hvers aðila fyrir sig.
9. Að loknu hverju móti skilar aðalþjálfara skýrslu til landsliðsnefndar. Landsliðsnefnd skráir sérstök atvik og frávik frá reglum sem kunna að hafa komið upp og upplýsir stjórn um málið.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi KRAFT 12. desember 2022